

Gengi
115,43

Gengismunur
0,0%

Umsýslubóknun
0,4%

Meðallíftími [ár]
0,3

Stærð
2,7 milljarðar


GAMMA: LIQUID

GAMMA: LIQUID er fjárfestingarsjóður sem hefur það markmið að skila ávöxtun í samræmi við skammtímavaxtastig á íslenskum markaði og er líftími sjóðsins ávallt styttri en 1 ár. Sjóðurinn hentar sérlega vel til lausafjárstyringar fyrir bæði almenna fjárfesta og fagfjárfesta.

Sjóðurinn fjárfestir í innlánnum og bankavíxlum fjármálfyrirtækja, að hámarki 40% pr mótaðila, og mega bankavíxlar að hámarki vera 50% af stærð sjóðs og að hámarki 20% í hverjum útgefanda. Einnig er heimilt að fjárfesta í vel tryggðum skuldabréfum og víxlum útgefnum af ríkissjóði.


Sjóðurinn beitir virkri stýringu með þeirri aðferðafræði sem GAMMA hefur þróað og notað við stýringu annarra skuldabréfasjóða. Árleg umsýslubóknun er 0,40% og enginn kostnaður er við kaup eða sölu og enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Gengisþróun



*Söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun

Söguleg ávöxtun



Fjárfestingarviðmið


Innlán:.....30-100%
Ríkisbréf/víxlar:.....0-70%
Bankavíxlar:.....0-50%

Helstu upplýsingar

Rekstrarform:	Fjárfestingarsjóður
Gjaldmiðill:	ISK
Lágmarksupphæð:	10þ. kr.
Sölutímabil:	Viðskiptadagar fyrir kl.14:00
Gengisuppreikningur:	Daglega í lok dags
Skráning:	Rafrænt hjá Verðbréfaskr.
Verðtryggt:	0,0%
*90 daga flökt:	0,2%
Boðaður meðallíftími:	Undir einu ári
Rekstraraðili:	GAMMA
Vörsluaðili:	T plús
Stofnár:	2016
ISIN kóði:	IS0000026714
Bloomberg auðkenni:	GAMLIQI
LEI númer:	254900H01W0B26O6E572

*Sveiflur í ávöxtun síðustu 90 daga

Eignaskipting



10 stærstu eignir

- | | |
|-----------------------|-----------------------|
| 1. KVÍKA BANKI - 36% | 6. KVB 19 0321 - 4% |
| 2. ISLANDSBANKI - 26% | 7. ARION 190520 - 4% |
| 3. RIKB 20 0205 - 11% | 8. ISLA 19 0716 - 4% |
| 4. KVB 19 0620 - 6% | 9. LBANK 190510 - 2% |
| 5. LBANK CB 19 - 5% | 10. ARION 190620 - 2% |

Árangur sjóðs

	Heildar- ávöxtun	Árleg nafnávöxtun	Árleg raunávöxtun
1 ár	4,0%	4,0%	0,6%
2 ár	8,9%	4,4%	1,4%
FS*	15,4%	4,9%	2,3%

*Frá stofnun

Söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

GAMMA Capital Management

Reykjavík
Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sími: 519 3300
gamma@gamma.is



London
25 Upper Brook Street, Mayfair,
London W1K7QD
Sími: +44 (0) 207 429 2200
gcm@gcm.co.uk



Sýn sjóðsstjóra

GAMMA: LIQUID hækkaði um 0,3% í janúar og hefur hækkað um 4,0% síðastliðið ár. Líftími sjóðsins er u.þ.b. 3 mánuðir og meðalávöxtunarkrafa eigna sjóðsins er nú um 4,7% (fyrir þóknun).

Krónan, mælt með gengisvísitölunni, veiktist um 3,6% í janúar eftir að hafa styrkst þó nokkuð seinustu vikur ársins 2018. Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,4% á milli mánaða í janúar og lækkaði tólf mánaða verðbólga því í 3,4% úr 3,7% í desember. Mælingin var nokkuð undir væntingum markaðsaðila sem höfð vænst lækkunar vísitölnnar á bilinu -0,2% til -0,5%. Var það einkum meiri lækkun á verði bifreiða og minni hækkun húsnæðis sem dró niður vísitöluna umfram væntingar markaðsaðila.

Seðlabankinn hélt vöxtum óbreyttum í byrjun mánaðar. Bankinn tók verulega niður hagvaxtarspá sína fyrir árið 2018 og spáir nú einungis 1,8% hagvexti fyrir árið 2019. Í ljósi versnandi horfa í efnahagslífinu sem og þess að bæði verðbólguálag á skuldabréfamarkaði og langtíma verðbólguvæntingar markaðsaðila (samkvæmt Væntingakönnun Seðlabankans) lækkuðu nokkuð frá seinustu vaxtaákvörðun, var „tónn“ bankans nokkuð mjúkur að þessu sinni. Einnig gaf Seðlabankastjóri sterklega til kynna að binding fjárstreymistækisins svokallaða, yrði að öllum líkindum færð úr 20% í 0% eftir að fyrirbyggjandi frumvarp á Alþingi um breytingar á gjaldeyrslögum verði samþykkt.

Að því sögðu, munu kjarasamningar og hvernig til tekst í þeim, skipta mestu horft fram á veginn og styttest nú í að línur skýrist hvað það varðar. Verði útkoman ekki mjög slæm, má búast við lækkandi verðbólguálagi þegar líða tekur á árið og hugsandi lækkandi stýrivöxtum. Að öðrum kosti gæti verðbólguálagið hækkað, sem og vextir Seðlabankans, þótt honum séu að einhverju leyti settar skorður hversu mikið hann getur hækkað í ljósi versnandi stöðu hagkerfisins.

Áhætta

Ýmis áhætta felst í fjárfestingu í fjárfestingarsjóði. Ber þar helst að geta vaxta-, lausafjár- og mótaðilaáhættu sem mynda óvissu um framtíðar framvindu á verðbrefamarkaði. Vaxta- og lausafjáráhætta er takmörkuð hjá GAMMA: LIQUID þar sem líftími sjóðsins er ávallt undir einu ári. Mótaðilaáhætta í ríkistrygðum bréfum er takmörkuð en mótaðilaáhætta fylgir fjárfestingu í innlánnum og bankavíxlum. Sú áhætta er takmörkuð að því leyti að innlán eru dreifð á milli innlánsstofnanna, bæði með tilliti til tímalengdar og stærðar. Nánari upplýsingar um áhættu sjóða má nálgast á heimasíðu GAMMA, www.gamma.is.

Um GAMMA og sjóðsstjóra

GAMMA Capital Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbrefasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálaframtækni og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA var stofnað í júní 2008 og er með um 140 milljarða króna í stýringu fyrir lífeyrissjóði, tryggingafélag, fyrirtæki og einstaklinga.

Sjóðsstjóri er Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur. Áður starfaði hann hjá ABN AMRO í London við verðbólguutengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðast hjá Royal Bank of Scotland sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Valdimar starfaði árin 2000-2002 hjá Búnaðarbankanum í afleiðum og gjaldeyrsviðskiptum. Valdimar er einnig aðjúnkt við Háskóla Íslands og kennir hann nú m.a. námskeiðið Skuldabréf í meistaranámi í fjármálahagfræði. Valdimar hefur lokið prófi í verðbrefaviðskiptum í London, New York og á Íslandi.

Helstu atriði

- Gengi GAMMA: Liquid hækkaði um 0,3% í janúar.
- Verðbólguálag hefur lækkað aftur en hækkaði á árinu.
- Aukin óvissa aftur vegna óróa kringum kjarasamninga
- Raunávöxtun hefur farið lækkandi en "tikk" sjóðsins hefur verið að aukast með hækkun skammtímavaxta.
- Meðalávöxtunarkrafa er um 4,7% (fyrir þóknun).

Helstu áhættuþættir

- Mótaðilaáhætta:** Lítil
- Lausafjáráhætta:** Lítil
- Vaxtaáhætta:** Lítil

Skuldabréfateymi

Valdimar Ármann valdimar@gamma.is	Sjóðsstjóri s: 519 3304
--------------------------------------	----------------------------

Agnar T. Möller agnar@gamma.is	s: 519 3302
-----------------------------------	-------------

Guðmundur Björnsson mummi@gamma.is	s: 519 3303
---------------------------------------	-------------